



**STARFSSKÝRSLA
SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS**

**MILLI AÐALFUNDA Á
BLÖNDUÓSI 2012
OG Í GARÐABÆ 2013**

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
STJÓRN OG STARFSMENN SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	1
UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI	2
EFTIRFYLGNI VIÐ ÁLYKTANIR 77. AÐALFUNDAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	3
ÚTGÁFUMÁL	5
SKÓGRÆKTARRITID	5
LAUFBLAÐID	5
FRÆKORNID	5
TÆKIFÆRISKORT	5
FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA	5
HEIMASÍÐA	5
FRÆÐSLUSTARF	6
HEIMSÓKNIR TIL SKÓGRÆKTARFÉLAGA	6
FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR	6
FULLTRÚAFUNDUR SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA	6
FAGRÁÐSTEFNA SKÓGARGEIRANS	6
VINNA Á SKÓGRÆKTARSVÆÐUM	6
BRYNJUDALUR Í HVALFIRDI	6
ÚFLJÓTSVATN	7
UMSJÓN	7
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR	7
KOLVIÐUR	8
OPINN SKÓGUR	8
VINASKÓGUR Á ÞINGVÖLLUM	8
TRÉ ÁRSINS 2012	8
YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS	8
SKÓGRÆKTARSJÓÐUR HÚNAVATNSSÝSLU	8
SKÓGRÆKTARSTARF LANDSVIRKJUNAR VIÐ BÚRFELL	9
ERLEND SAMSKIPTI	9
EUROPEAN FOREST NETWORK	9
FRÆÐSLUFERÐIR	9
HEIMSÓKNIR	9
ÝMIS VERKEFNI	10
AÐSTOÐ VIÐ SKÓGRÆKTARFÉLÖG	10
AÐSTOÐ VIÐ ALMENNING	10
SKÓGRÆKT RÍKISINS	10
LANDGRÆÐSLA RÍKISINS	10
LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR	10
UPPLÝSINGAR UM SKÓGRÆKTARSTARFIÐ Í LANDINU	11
ATVINNUÁTAK	11
UMSAGNIR	11
STEFNUMÓTUN UM SKÓGRÆKT	11
GRÓÐURSETNINGAR ERLENDRA FERÐAMANNA	11
SJÁLFBODALIÐAR	11
STUÐNINGSAÐILAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	12

Ljósmyndir í skýrslu:

Brynjólfur Jónsson, Einar Gunnarsson, Einar Örn Jónsson, Jón Ásgeir Jónsson, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Sergej Fokin.

Reykjavík, 8. ágúst 2013

INNGANGUR

77. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Blönduósi dagana 24.-26. ágúst árið 2012.

Fundinn sóttu á annað hundrað fulltrúar skógræktarfélaganna og gestir, alls staðar af landinu, en gestgjafi var Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Magnús fór yfir helstu verkefni félagsins, sérstaklega kaup Skógræktarfélags Íslands á Úlfjótssvatni með skátahreyfingunni.



Fundargestir aðalfundar 2012 skoða sig um í skóginum að Blöndudalshólum (Mynd:EÖJ).

Aðrir á mælendaskrá voru Jón Geir Pétursson, fulltrúi umhverfissráðherra, og bar hann kveðju ráðherra, Páll Ingbór Kristinsson, formaður Skógræktarfélags A-Húnavetninga, Kári Kárason, bæjarfulltrúi á Blönduósi og Jón Loftsson skógræktarstjóri.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn sjö tillögur að ályktunum. Einnig var formlega opnuð vefgátt á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands, þar sem skoða má eldri árganga Skógræktarritsins á rafrænu formi.

Þeim skógræktarfélagum, sem áttu tugaafmæli á árinu 2012, voru færðar árnaðaróskir. Aðeins var mættur fulltrúi frá einu félagi, Skógræktarfélagi Akraness, sem fagnaði 70 ára afmæli.

Á kvöldvöku á laugardagskvöldið var Gísli Gestsson kvikmyndagerðarmaður gerður að heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands, fyrir framlag hans til gerða fræðslu- og heimildamynda um skógrækt.

Farið var í tvær skoðunarferðir á vegum Skógræktarfélags A-Húnavetninga. Á föstudeginum var gengið að Yndisgarði á Blönduósi og þaðan út í eyna Hrutey. Frá henni var haldið í rútum að Mánafossi við Laxá á Ásum. Á laugardeginum var svo farið að Fjósum í Svartárdal, Blöndudalshóla og endað í Gunnfríðarstaðaskógi. Þar undirrituðu Páll Ingbór Kristinsson, Ágúst Þór Bragason og Magnús Gunnarsson samning um stækkun landgræðsluskógasvæðis í Vatnahverfi.

STJÓRN OG STARFSMENN SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum voru Guðbrandur Brynjúlfsson og Puríður Yngvadóttir kosin í stjórn Skógræktarfélags Íslands. Varamenn voru kosin Sigríður Heiðmundsdóttir, Sigríður Júlfa Brynleifsdóttir og Kristinn H. Þorsteinsson. Sem skoðunarmenn reikninga voru kosnir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Magnús Gunnarson formaður, Sigrún Stefánsdóttir varaformaður, Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, Gísli Eiríksson, Páll Ingbór Kristinsson og Puríður Yngvadóttir meðstjórnendur.



Depill „móttökustjóri“ á vaktinni í jólaskóginum í Brynjudal í Hvalfirði (Mynd:RF).

Stjórnin hélt tólf fundi á tímabilinu. Fundirnir voru haldnir í húsakynnum félagsins að Þórunnartúni 6, utan tveggja funda sem haldnir voru hjá Vegagerðinni, Borgartúni 5-7. Eins og verið hefur voru varamenn og skógræktarstjóri boðaðir á alla stjórnarfundum Skógræktarfélags Íslands.

Hjá félaginu störfuðu fjórir fastráðnir starfsmenn: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Gunnarsson skógræktarfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri og Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Lausráðnir starfsmenn hjá félaginu á tímabilinu voru: Jón Ásgeir Jónsson, sem vann að erindrekstri og öðrum sérverkefnum, Einar Örn Jónsson, sem vann að atvinnuátaki og öðrum sérverkefnum og Gabriel Pic, sem vann með sjálfboðaliða, auk annarra sérverka.

Stjórn félagsins og starfsmenn leitast eins og verið hefur eftir megni að styrkja starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum og hefur eftir fongum fylgst með starfsemi félaganna eins og nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni.

UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

	2012	2011
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	30.796.090	40.137.127
Rekstrargjöld	37.797.048	34.988.291
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	(7.000.958)	5.148.836
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2.173.100	763.805
Hagnaður (tap) ársins	(4.827.858)	5.912.641
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Fastafjármunir	199.387.777	198.521.748
Veltufjármunir	54.361.909	99.212.060
Eignir samtals	253.749.686	297.733.808
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	115.226.095	120.053.953
Skammtímaskuldir	138.523.591	177.679.855
Eigið fé og skuldir samtals	253.749.686	297.733.808
Eignir í bundnum sjóðum	79.159.434	82.744.174

EFTIRFYLGNI VIÐ ÁLYKTANIR 77. AÐALFUNDAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Ályktunum aðalfundarins á Blönduósi hefur verið fylgt eftir af stjórn svo sem hér segir:

Ályktun 1:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.-26. ágúst 2012, vekur athygli atvinnuráðuneytis og auðlinda - og umhverfissráðuneytis á niðurstöðum ráðstefnu sem haldin var um innflutning plantna og áhættu af nýjum plöntuskaðvöldum þann 10. mars s.l. í Garðyrkjukólanum á Reykjum í Ölfusi. Stjórnvöld eru hvött til að efla virkt eftirlit með innflutningi og gera eftirlitsaðilum fjárhagslega kleift að sinna sínu mikilvæga hlutverki.

Ályktunin var send til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og auk þess á atvinnuvegaráðuneytið.

Ályktun 2:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.-26. ágúst 2012, hvetur til að skoðaður verði sá kostur í samgöngum að beina umferð gangandi og hjólandi fólks í auknum mæli inn á upplýsta og breiða samgöngustíga í skógum í þéttbýli. Einnig verði hugað að ræktun skjólbelta í námunda við stíga þar sem skjóls nýtur ekki nú þegar.

Ályktunin var send á innanríkisráðuneytið.



Þýskir skógfræðinemar skoða sig um á Snæfoksstöðum í Grímsnesi. Skógræktarfélag Íslands var þeim innan handar við skipulagningu ferðar (Mynd:RF).

Ályktun 3:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.-

26. ágúst 2012, beinir því til innanríkisráðuneytisins að ráðuneytið samþykki áframhaldandi stuðning við Atvinnuátaksverkefni Skógræktarfélags Íslands og ráðuneytisins, en atvinnuátakið hefur staðið yfir frá árinu 2009. Atvinnuátaksverkefnið hefur veitt fjölmörgu fólki vinnu, meðal annars við gróðursetningar og uppgræðslu lands. Enn er mikil þörf á að skapa verkefni fyrir fólk í atvinnuleit.

Ályktunin var send á innanríkisráðuneytið. Haldinn var fundur með þáverandi innanríkisráðherra þann 2. október 2012 þar sem ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Íslands var árettuð. Einnig var færður rökstuðningur fyrir framhaldi verkefnisins og góðum árangri sem það hefur skilað. Þá var einnig sent bréf til velferðarráðherra, Guðbjartar Hannessonar, þar sem bent var á mikilvægi þess að tengja verkefnið við þau úrræði sem ráðuneytið boðaði í atvinnusköpun. Sent var sérstakt erindi á fjárlaganefnd og ræddu stjórnarmenn félagsins við nánast alla fulltrúa fjárlaganefndar og kynntu málstað félagsins. Þrátt fyrir góða viðleitni starfsmanna þriggja ráðuneyta, þ.e.a.s. ofangreindra auk umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, þar sem reynt var að finna sameiginlegan farveg var niðurstaðan sú að ekki reyndist unnt að fjármagna verkefnið.

Ályktun 4:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.-26. ágúst 2012, skorar á umhverfissráðherra að styðja myndarlega endurnýjun samnings um Landgræðsluskóga,



Yrkjuplöntur gróðursettar á Úlfjótuvatni (Mynd:RF).

þannig að hægt verði að auka gróðursetningu í eina milljón plantna á ári eins og var í upphafi Landgræðsluskógaverkefnisins um 1990.

Ályktunin var send á umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Haldinn var fundur með fulltrúum ráðuneytisins sl. haust og m.a. kynntar hugmyndir um eflingu samningsins. Nokkrir fundir og samskipti hafa verið milli starfsmanna ráðuneytisins og félagsins á tímabilinu. Nýr ráðherra hefur nú tekið við og vonast félagið til þess samningur um Landgræðsluskóga verði endurnýjaður innan tíðar.

Ályktun 5:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.-26. ágúst 2012, fagnar vinnu nefndar sem umhverfisráðherra skipaði um gagngera endurskoðun laga um skógrækt. Í greinagerð nefndarinnar til undirbúnings nýrra skógræktarlaga er kafli sem fjallar um félög á sviði skógræktar. Aðalfundurinn telur eðlilegt að Skógræktarfélag Íslands verði getið sérstaklega í nýju skógræktarlögum líkt og gert er í þeim lögum sem nú gilda.

Ályktunin var send á umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Segja má að ákveðnum áfanga og undanfara nýrra skógræktarlaga hafi lokið með gerð stefnumörkunar sem kynnt var í byrjun árs. Stefnumörkun var m.a. kynnt á fulltrúafundi skógræktarfélaganna í vor.

Ályktun 6:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.-26. ágúst 2012, hvetur aðildarfélög sín, sveitarfélög, stofnanir og einstaklinga til að nýta sér þá frjósemi sem lúpína skapar í ófrjósömu landi og rækta skóg í lúpínubreiðum.

Ályktunin var send á sveitarfélög og skógræktarfélög. Ljóst er að vinna verður enn frekar að því að nýta þá miklu auðlind sem felst í lúpínubreiðum víða um land. Einnig þarf að skoða og rannsaka þær aðferðir sem best duga í þessu sambandi.



Frá opnun Opins skógar að Laugalandi á Þelamörk (Mynd:RF).

Ályktun 7:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.-26. ágúst 2012, skorar á Fjárlaganefnd Alþingis að auka sem allra fyrst við fjárveitingar til skógræktar í landinu að minnsta kosti til jafns við raunvirði fjárveitinga ársins 2005 þegar fjárveitingar voru í samræmi við langtímamarkmið og áætlanir. Fagþekking á plöntuframleiðslu glatast fljótt þar sem gróðrarstöðvar sem hafa sérhæft sig í uppeldi skógarplantna hafa í auknum mæli neyðst til að snúa sér að öðrum verkefnum vegna minnkandi sölu á skógarplöntum. Þessi

niðurskurður mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir skógræktarstarfið í landinu á komandi árum, verði ekki brugðist við með auknu fjármagni sem fyrst. Timburframboð framtíðarinnar þarf líka að vera stöðugt svo hægt sé að byggja upp lífvænlegan úrvinnsluáætlun.

Ályktunin var send á fjárlaganefnd Alþingis og fjármálaráðuneytið.

ÚTGÁFUMÁL

Skógræktarritið

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2012 kom út í nóvember 2012 og 1. tbl. 2013 kom út í júní á þessu ári. Áskrifendur eru nú um 2000. Eldri árganga ritsins, frá upphafi og fram til ársins 2000, má nú skoða á heimasíðu félagsins. Skógræktarritið er nú með eigin síðu á Facebook.

Laufblaðið

Á tímabilinu komu út tvö tölublað Laufblaðsins – í desember 2012 og apríl 2013. Var tölublaðið í apríl 2013 gefið út á pappír, í samræmi við umræðu um fréttablaðið á aðalfundi félagsins 2012, en annars er blaðið gefið út rafrænt. Rafræn tölublað eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang. Efnt var til netfangaleiks meðal félagsmanna í tengslum við útsendingu félagsskírteina, til að hvetja félagsmenn til að skrá netfang sitt, og voru þeir vinningshafar dregnir út í maí.

Frækornið


Á starfsárinu kom út eitt eintak af fræðsluritinu Frækornið, en það fylgir nú Skógræktarritinu. Efni þess var Hlíðaramall (nr. 31).

Tækifæriskort

Félagið gaf út sérstakt kort með mynd af málverki **er heitir** „Vetrarfuglar“ og er eftir Sigurpór Jakobsson. Þessi mynd prýðir einnig forsíðu 2. heftis Skógræktarritsins 2012.



Ragnhildur Freysteinsdóttir kynnir Skógræktarritið í Blómavali (Mynd: JÁJ).



Forsíða Skógræktarritsins, 1. tbl. 2013.

Félagsskírteini skógræktarfélaganna

Prentuð voru félagsskírteini fyrir alla félagsmenn og þau send til formanna skógræktarfélaganna. Leitað var til ýmissa fyrirtækja um afslátt á vörum og þjónustu. Að þessu sinni veittu tíu fyrirtæki félagsmönnum 4-15% afslátt gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: Garðheimar, Garðyrkjustöðin Kvistar, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, MHG Verslun, Nátthagi garðplöntustöð, Ormsson, Skógræktarstöðin Ölur og Sólskógar.

Heimasíða

Félagið hélt úti heimasíðunni www.skog.is á tímabilinu. Á síðunni eru grunnupplýsingar um félagið og einstök

skógræktarfélög. Birtar eru fréttir af starfi skógræktarfélaganna og helstu viðburðum tengdum skógum, auk þess sem birtar eru ýmsar fréttir sem varða skógrækt og þykja eiga erindi á síðuna. Félagið er einnig með síðu á Facebook. Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er tæplega 900 og fá þeir sendar tilkynningar um helstu viðburði og fréttir.



Skoðunarferð um Höfðaskóg á fulltrúafundi skógræktarfélaganna (Mynd:RF).

FRÆDSLUSTARF

Félagið lagði sem fyrr áherslu á öflugt fræðslu- og leiðbeiningastarf fyrir almenning á tímabilinu.

Fulltrúar félagsins mættu einnig í viðtöl um ýmis málefni tengd skógum og skógrækt og sátu fyrir svörum við ýmis tilefni.

Heimsóknir til skógræktarféлага

Fulltrúi félagsins heimsótti nokkur aðildarfélög. Þau félög sem heimsótt voru eru Skógræktarfélag Bíldudals, Breiðdæla, Dýrafjarðar, Eskifjarðar, Eyfirðinga, Fáskrúðsfjarðar, Grindavíkur, Neskaupstaðar, Patreksfjarðar, Rangæinga, Reyðarfjarðar, Seyðisfjarðar, Skagastrandar, Önundarfjarðar og Skógræktarfélagið Nýgræðingur.

FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR



Jólasveinar ræða við Einar Gunnarsson í jólaskóginum í Brynjudal í Hvalfirði (Mynd:RF).

haldin var á Hallormsstað. Meginþemað að þessu sinni var umhirða ungskóga. Ráðstefnan tók þrjá daga og var vel sótt.

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna var haldinn laugardaginn 6. apríl í Hafnarfirði. Á fundinum var rætt um Landgræðsluskóga, vinnu að stefnumótun um skógrækt og hættumat fyrir gróðurelda, auk þess sem fulltrúar félaganna sögðu stuttlega frá því helsta sem viðkomandi félag er að fást við. Mættu um 40 fulltrúar frá skógræktarfélögum um land allt.

Fagráðstefna skógargeirans

Skógræktarfélag Íslands var formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógargeirans sem

VINNA Á SKÓGRÆKTARSVÆÐUM

Brynjudalur í Hvalfirði

Unnið var áfram að uppbyggingu jólatrjáaræktunar í Brynjudal í samstarfi við stuðningsfyrirtæki félagsins. Gróðursettir voru 1000 fjallapínir og 4000 blágreni. Mest var



Ungar blómarósir að gróðursetja Kolviðarplöntur í Geítasand á Rangárvöllum. Í baksýn er gróðursetning frá 2009 (Mynd:EG).

gróðursett í svokölluðum Furulundi, en hann var grisjaður niður í u.þ.b. 500 tré/hektara og var gróðursett í skógarbotninn.

Úlfjótswatn

Félagið keypti jörðina Úlfjótswatn ásamt Bandalagi Íslenskra skáta og Skátasambandi Reykjavíkur af Orkuveitu Reykjavíkur og var samningur þar að lútandi undirritaður í desember árið 2011. Eigendur Úlfjótswatns undirrituðu svo þann 26. júní 2012 eignaskipta, afnota- og réttindasamning um jörðina. Í samningnum er kveðið nánar um skiptingu jarðarinnar og fasteigna á henni á milli þessara aðila, auk þess sem samningurinn

leggur drög að sameiginlegri framtíðarsýn eigendanna. Á þessu ári hefur verið unnið að stofnun sérstaks sameignarfélags, Úlfjótswatn sf., en tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfjótswatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignaréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Þá hafa staðið yfir viðræður og samningar við Kapólsku kirkjuna á Íslandi um afnot og nýtingu fasteigna Skógræktarfélags Íslands á Úlfjótswatni fyrir samfélag reglubræðra. Gengið var frá viljayfirlýsingu í samræmi við þær hugmyndir þann 17. júlí sl. Þá tók Skógræktarfélag Íslands þátt í svokallaðri Úlfjótswatnshátíð dagana 6.-7. júlí sl., en þar var boðið upp á fjölbreytta dagskrá tengda menningu, náttúru og þjóðlífi svæðisins og þótti hátíðin takast einstaklega vel.

UMSJÓN

Landgræðsluskógar

Samráðsnefnd um Landgræðsluskóga er Skógræktarfélagi Íslands til ráðgjafar um framkvæmd verkefnisins. Í nefndinni sitja Kristín Svavarsdóttir frá Landgræðslu ríkisins, Þróstur Eysteinnsson frá Skógrækt ríkisins, Jón Geir Pétursson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og frá Skógræktarfélagi Íslands eru Einar Gunnarsson og Gísli Eiríksson, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Gísjun var boðin út í fjórum skógum, Reykholti í Borgarfirði, Norður-Reykjum í Mosfellisdal og Bolholti og Skógum í Rangárvallasýslu. Alls voru 12 ha gisjaðir og gekk verkið í öllum aðalatriðum vel og útboðslýsingin virðist virka.



Aðstæður skoðaðar í undirbúningi að Opnum skógi að Skógum undir Eyjafjöllum (Mynd:BJ).

Kolviður

Vefsíða Kolviðar var endurnýjuð og merkja má aukinn áhuga ferðapjónustuaðila og aðila sem flytja út ferskar vörur á kröfuharða markaði. Þá náðist samningur við Landsvirkjun um kolefnisjöfnun á hluta af starfsemi fyrirtækisins. Þetta gerði sjóðnum kleift að hefja gróðursetningu á ný og var allt gróðursetningarhæft land innan samningsbundins svæðis á Geitasandi jarðunnið. Eldri gróðursetningar hafast vel við þrátt fyrir nokkuð erfið jarðvegsskilyrði.



Tré ársins 2012, að Brekkugötu 8 á Akureyri (Mynd:EG).

Opinn skógur

Unnið hefur verið að almennu viðhaldi í öllum skógunum. Auk þess var unnið að opnun skógarins að Skógum undir Eyjafjöllum, sem fyrirhugað er að opna um mánaðamótin ágúst-september.

Vinaskógur á Þingvöllum

Unnið var að viðhaldi á girðingu og aðkomu. Þá kom Vigdís Finnbogadóttir með vinafólki og fjölskyldu og gróðursetti birki og ilmreyni og áttu allir notalega og uppbyggilega stund í skjóli skógarins.



Ferðalangar í fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Þýskalands njóta leiðsagnar í fallegum þýskum skógi (Mynd:BJ).

framkvæmdastjóri félagsins alla stjórnarfundi. Stjórn Yrkjusjóðsins er þannig skipuð: Sigurður Pálsson formaður, Helena Óladóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Magnús Gunnarsson, fulltrúi Skógræktarfélags Íslands, Jón Loftsson, fulltrúi Skógræktar ríkisins, Fjola Höskuldsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands og Þorbjörg Sæmundsdóttir, fulltrúi íslenskrar æsku.

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu er í vörslu Skógræktarfélags Íslands en sjóðurinn mun veita skógræktarfélagum sem hafa starfsemi í Húnavatnssýslum styrki til verkefna í samræmi við samning sem gerður hefur verið. Skógræktarfélag A-Húnavetninga fer með umsjón á jörðinni Fjósum í Svartárdal og Skógræktarfélag V-Húnavetninga fer með umsjón jarðarinnar Saura í Miðfirði.

Tré ársins 2012

Tré ársins 2012 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn 2. september 2012. Að þessu sinni var um gráösp (*Populus x canescens*) að ræða, er stendur við Brekkugötu 8 á Akureyri. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, afhenti fulltrúum eigenda Brekkugötu 8 viðurkenningarskjal af þessu tilefni.

Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins

Framkvæmdir á vegum Yrkjusjóðs hafa gengið með venjubundnum hætti og þátttaka skóla er álíka mikil og undanfarin ár, eða rúmlega 100 skólar. Skógræktarfélag Íslands hefur annast rekstur Yrkju og situr

Skógræktarstarf Landsvirkjunar við Búrfell

Starfsmaður Skógræktarfélags Íslands hefur undanfarin ár haft faglega umsjón með framkvæmdum á skógræktarsvæði Landsvirkjunar við Búrfell. Til stendur að kortleggja á ný svæðið og uppfæra samantekt á stöðu skóggræðslu við Búrfell.

ERLEND SAMSKIPTI



Magnús Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson á Finnmetkaupstefnunni, sem heimsótt var á fundi European Forest Network í Finnlandi (Mynd:RF).

European Forest Network

Magnús Gunnarsson, Brynjólfur Jónsson og Ragnhildur Freysteinsdóttir sóttu fund samtakanna í Finnlandi í ágúst 2012. Fundur ársins 2013 var haldinn í Tartu í Eistlandi í apríl og var Sigrún Stefánsdóttir fulltrúi Skógræktarfélags Íslands þar. Heimasíða samtakanna er: <http://www.forestrysocieties.eu/>

Fræðsluferðir

Þýskaland 2012

Tæplega þrjátíu manns fóru í kynnisferð skógræktaráhugafólks til Þýskalands dagana 11.-18. september 2012. Fararstjóri fyrir hönd

Skógræktarfélags Íslands var Hrefna Einarsdóttir, en Barbara Stanzeit sá um túlkun. Marcus Kühling, framkvæmdastjóri Þýska skógræktarsambandsins (Deutscher Forstverein) fylgdi hópnum mest allan tímann, en ferðin var skipulögð í samráði við hann.

Colorado 2013

Fyrirhuguð er ferð til Colorado fylkis í Bandaríkjunum dagana 26. september til 5. október. Skoðaðir verða skógar fylkisins, náttúra og menning, auk þess sem þarlendir skógaráðilar verða heimsóttir.

Heimsóknir

Heimsókn frá Sogn og Fjordane Skogselskap

Skógræktarfélagið frá Sogni og fjörðum heimsótti Suður- og Vesturland dagana 25. til 31. ágúst 2012 undir leiðsögn Einars Gunnarssonar. Skógræktarfélag Íslands hefur þegið heimboð þeirra og er fyrirhugað að heimsækja Sogn og firði haustið 2014. Auk þess að vera ein af megin uppsprettum fyrir landnámi Íslands er svæðið rómað fyrir náttúrufegurð og menningu.



Brynjólfur Jónsson kynnir meðlimum Skógræktarfélagsins frá Sogn og Fjordane fyrir skógræktarfélögum á Íslandi (Mynd:RF).

Heimsókn frá Hochschule für Forstwirtschaft - Rottenburg

Dagana 2.-9. júní var hópur frá Skógræktarháskólanum í Rottenburg (Hochschule für Forstwirtschaft Rottenburg) í heimsókn hér á landi. Var þar um tæplega fjörutíu manna hópur nemenda og kennara að ræða. Skógræktarfélag Íslands var þeim innan handar við skipulagningu ferðarinnar, auk þess sem Ragnhildur Freysteinsdóttir fylgdi þeim mestan hluta tímans.



Skógræktarfolk frá Þýska skógræktarsambandinu hefur það notalegt við varðeldinn í Brynjudal (Mynd:RF).

Heimsókn frá Deutscher Forstverein

Tæplega þrjátíu manna hópur frá Þýska Skógræktarsambandinu (Deutscher Forstverein) var í heimsókn á Íslandi dagana 13.-21. júní. Fóru þau hringinn í kringum landið og kynntu sér skóga, land og þjóð. Skógræktarfélag Íslands var þeim innan handar við skipulagningu ferðarinnar, auk þess sem Ragnhildur Freysteinsdóttir fylgdi þeim allan tímann. Var þar verið að endurgjalda sambandinu aðstoð við skipulagningu fræðsluferðar til Bæjaralands í september 2012.

ÝMIS VERKEFNI

Aðstoð við skógræktarfélag

Eitt helsta verkefni starfsfólks Skógræktarfélags Íslands er fylgið í margs konar aðstoð og samstarfi við einstök aðildarfélag. Vann það að ýmsum smærri verkefnum í því sambandi, umfram það sem rakið er í starfsskýrslunni.

Aðstoð við almenning

Mikið er um að almenningur leiti ráða hjá starfsmönnum Skógræktarfélags Íslands um hvaðeina er lýtur að landgræðslu, trjá- og skógrækt. Er þeim erindum aðallega sinnt í gegnum síma eða tölvupóst, auk þess sem vel er tekið á móti þeim sem heimsækja skrifstofu félagsins og eru að leita sér fróðleiks.

Skógrækt ríkisins

Félagið átti gott samstarf við Skógrækt ríkisins og rituðu starfsmenn meðal annars áhugaverðar og gagnlegar greinar í Skógræktarritið. Þetta samstarf og stuðningur er félaginu mikils virði.

Landgræðsla ríkisins

Félagið átti gott samstarf við Landgræðslu ríkisins, sem fyrr, og er það samstarf og stuðningur félaginu mikils virði.

Landgræðslusjóður

Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands í stjórn Landgræðslusjóðs voru á árinu Guðbrandur Brynjúlfsson, sem var formaður sjóðsins, Magnús Gunnarsson og Þuríður Yngvadóttir. Þá sitja einnig í stjórn sjóðsins Jón Loftsson skógræktarstjóri og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. Ekki var úthlutað úr sjóðnum í ár. Að öðru leyti vísast til skýrslu sjóðsins.

Upplýsingar um skógræktarstarfið í landinu

Unnið var áfram að söfnun tölulegra upplýsinga um skógræktarstarfið í landinu. Þessar upplýsingar eru afar mikilsverðar og eina heildarsamantektin á landsvísu. Niðurstöðurnar eru birtar árvisst í Skógræktarritinu.

Atvinnuáttak

Skógræktarfélag Íslands hélt úti atvinnuáttaki í samstarfi við sveitarfélög og skógræktarfélög um land allt. Átaksverkefnum lauk víðast hvar á árinu 2012 nema hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur þar sem samningur rann út í lok apríl 2013. Frá febrúar hefur verið staðið að áttaki í samstarfi við Vinnuáttastofnun sem miðar að því að skógræktarfélög og sveitarfélög skapi í sameiningu störf fyrir atvinnuleitendur sem eru við það að missa rétt til atvinnuleysisbóta.



Þýskir ferðamenn við gróðursetningu á Esjumelum (Mynd:BJ).

Umsagnir

Skógræktarfélag Íslands lagði fram umsögn um Lög um náttúruvernd. Einnig lagði félagið fram athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi fyrir Kópavogsbæ og fyrir Mosfellsbæ. Að auki lagði félagið fram athugasemd vegna beitarmála á Almenninum.

Stefnumótun um skógrækt

Fulltrúi Skógræktarfélags Íslands sat í starfshópi, skipuðum af umhverfis- og auðlindaráðherra, sem vann tillögur að gerð stefnumótunar í skógrækt. Var greinargerð þar að lútandi afhent ráðherra í janúar 2012.



Einn sjálfbóðaliðahópurinn frá SEEDS í góðum gir í skóginum á Skógum (Mynd:SF).

Gróðursetningar erlendra ferðamanna

Skógræktarfélag Íslands hélt áfram samstarfi við Iceland Pro Travel og Skógræktarfélag Reykjavíkur um reglubundna gróðursetningu erlendra ferðamanna í sumar og beindist það að þýskum ferðalöngum. Var gróðursett á hverju fimmtudagskvöldi og hafa það sem af er sumars um 2000 gestir gróðursett tré.

Sjálfbóðaliðar

Félagið var með hópa sjálfbóðaliða frá SEEDS-samtökunum í vinnu yfir sumarið og unnu þeir að ýmsum verkum, þeirra helst að undirbúningi Opins skógar að Skógum.

STUÐNINGSAÐILAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa, eins og undanfarin ár, lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna Arion banka, Eimskip, Karl Eiríksson, Odda, Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur, Skeljung og Toyota á Íslandi.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.

Reykjavík, ágúst 2013,
f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,



Magnús Gunnarsson formaður

Skógræktarfélag Íslands

Ársreikningur
2012

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6
105 Reykjavík
Kt. 600269-3809

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda	2
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymisyfirlit	7
Bundnir sjóðir	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2012 að fjárhæð 4,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 115,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík,

2013.

Í stjórn félagsins

Waldinn Gunnarsson
Þorgeir Stefánsson
Páll Guðmundsson
Páll Ingi Þóð Kristinnsson
Egillur Jón Þorleifsson

Framkvæmdastjóri:

Þorvaldur Jónsson

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Skógræktarfélags Íslands.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 2012 í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Skógræktarfélags Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda Skógræktarfélags Íslands.

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 15.05 2013.

KPMG ehf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Skógræktarfélags Íslands höfum yfirfarið ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 17-7 2013.



Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrartekjur:			
Styrkir og aðrar tekjur	5	14.118.604	21.524.326
70% framlag frá bundnum sjóðum	6	0	5.351.148
Sérgreind verkefni	7	8.535.486	4.497.103
Styrkur frá Ríkissjóði		6.700.000	7.700.000
Árgjöld		1.442.000	1.064.550
		30.796.090	40.137.127
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	8	22.911.433	20.009.519
Annar rekstrarkostnaður	9	13.071.328	13.187.926
Afskriftir	2,10	1.814.287	1.790.846
		37.797.048	34.988.291
(Rekstrartap) -hagnaður	(7.000.958)	5.148.836
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		2.747.327	1.220.860
Vaxtagjöld og verðbætur	(107.748)	(225.972)
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(466.479)	(231.083)
		2.173.100	763.805
(Tap) hagnaður ársins	11	(4.827.858)	5.912.641

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	2012	2011
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir			180.187.294	173.883.318
Bifreið og kerra			280.345	280.345
Áhöld og tæki			1.420.138	2.483.085
			<u>181.887.777</u>	<u>176.646.748</u>
Áhættufjármunir:				
Skuldabréfaeign			17.500.000	21.875.000
			<u>17.500.000</u>	<u>21.875.000</u>
	Fastafjármunir	2,10	<u>199.387.777</u>	<u>198.521.748</u>
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	3		14.491.053	17.274.126
Aðrar skammtímakröfur			886.386	747.688
Útistandandi hjá bundnum sjóðum	6		106.352	5.457.500
Útistandandi vegna fasteignakaupa			0	21.875.000
Handbært fé	4		38.878.118	53.857.746
	Veltufjármunir		<u>54.361.909</u>	<u>99.212.060</u>
	Eignir samtals		<u>253.749.686</u>	<u>297.733.808</u>

31. desember 2012

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2012	2011
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		115.226.095	120.053.953
Eigið fé	11	<u>115.226.095</u>	<u>120.053.953</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	19	<u>87.500.000</u>	<u>87.500.000</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		4.025.541	1.051.205
Styrkur vegna Landgræðsluskóga	12	2.988.146	993.693
Styrkur vegna atvinnuátaks	13	13.473.000	59.655.999
Ógreidd útborgun vegna Úlfjótsvatns		18.750.000	18.750.000
Ógreiddir áfallnir vextir langtímalána		4.375.000	0
Aðrar skammtímaskuldir		7.411.904	9.728.958
		<u>51.023.591</u>	<u>90.179.855</u>
Skuldir samtals		<u>138.523.591</u>	<u>177.679.855</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>253.749.686</u>	<u>297.733.808</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar:			
(Tap) hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	11	(4.827.858)	5.912.641
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskrifaðar og niðurlagðar eignir	2,10	1.814.287	1.790.846
Tekjur frá bundnum sjóðum	6	0	(5.351.148)
Veltufé (til) frá rekstri		(3.013.571)	2.352.339
 Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		29.870.523	(20.727.475)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(39.156.264)	64.142.772
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(9.285.741)	43.415.297
Handbært fé (til) frá rekstri		(12.299.312)	45.767.636
 Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10	(7.055.316)	(153.090.652)
Breyting skuldabréfaeignar		4.375.000	(21.875.000)
Fjárfestingarhreyfingar		(2.680.316)	(174.965.652)
 Fjármögnunarhreyfingar:			
Framlag úr bundnum sjóðum	6	0	92.851.148
Skammtímaskuldir, breyting		0	(7.749.439)
Tekin ný langtímalán	19	0	87.500.000
Fjármögnunarhreyfingar		0	172.601.709
 (Lækkun) hækkun á handbæru fé		(14.979.628)	43.403.693
 Handbært fé í ársbyrjun	4	53.857.746	10.454.053
 Handbært fé í árslok	4	38.878.118	53.857.746

Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Hækkun verðbréfasafns.....		3.923.844	18.258.105
Fjármagnstekjuskattur vegna sjóða	(2.167.102)	(2.969.401)
Vaxtatekjur og verðbætur á bundna sjóði		11.551	898.968
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(1.885)	(179.792)
Framlag til Skógræktarfélags Íslands	6	0	(5.351.148)
	14-18	<u>1.766.408</u>	<u>10.656.732</u>
Hagnaður ársins		<u>1.766.408</u>	<u>10.656.732</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir

	Skýr.	2012	2011
Fastafjármunir:			
Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsson	14	30.708.491	34.146.861
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	15	15.315.419	15.501.700
Sjóður Ármanns Jónssonar	16	11.701.476	11.539.315
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	17	17.614.539	17.816.457
Fræðslusjóður	18	3.819.509	3.739.841
		<u>79.159.434</u>	<u>82.744.174</u>
Eignir samtals		<u>79.159.434</u>	<u>82.744.174</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		79.053.082	77.286.674
Eigið fé samtals		<u>79.053.082</u>	<u>77.286.674</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreitt framlag til Skógræktafélag Íslands	6	106.352	5.457.500
Skuldir samtals		<u>106.352</u>	<u>5.457.500</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>79.159.434</u>	<u>82.744.174</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Skógræktarfélags Íslands er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

3. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður um 1,0 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi. Á árinu var gjaldfært 356 þús. kr. vegna afskrifaðra tapaðra krafna.

4. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

5. Tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:

	2012	2011
Gjafir og styrkir	3.446.292	6.696.404
Framlag frá Yrkjúsjóð vegna umsjónar	1.100.000	1.100.000
Framlag vegna Landgræðsluskóga	3.500.000	3.500.000
Framlag vegna Kolefnissjóðs	500.000	500.000
Framlag vegna sjóðaumsjónar	300.000	1.118.977
Húsaleigutekjur	785.520	628.416
Skipulagsvinna / grisjun	0	246.000
Endurgreiddur kostnaður	2.719.436	1.281.503
Embla II	(252.644)	(271.668)
Gróðrastöð Akraness	20.000	1.420.694
Hópfærðir	0	804.000
Atvinnuátaksverkefni	2.000.000	4.500.000
	<u>14.118.604</u>	<u>21.524.326</u>

6. Framlag frá bundnum sjóðum greinist þannig:

Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsonar	0	4.165.820
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	0	510.312
Sjóður Ármanns G. Jónssonar	0	92.857
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	0	582.159
	<u>0</u>	<u>5.351.148</u>
70% raunávöxtun. Til ráðstöfunar til eflingar skógræktar á Íslandi	0	5.351.148
30% raunávöxtun. Til hækkunar á bundnum sjóðum	0	2.293.349
Breyting verðbóta á árinu hækkun	1.756.744	8.363.383
Nafnávöxtun bundinna sjóða á árinu	<u>1.756.744</u>	<u>16.007.880</u>

Skýringar frh:

7. Sérgreind verkefni

Sundurlíðun vegna verkefna greinist þannig:

	2012	2011
Útgáfustarfsemi:		
Ársrit, bækur og smárit	9.982.098	10.427.526
Styrktarlínur	3.977.493	3.085.000
Auglýsingar	2.894.000	3.434.000
Launakostnaður	(3.500.000)	(3.000.000)
Annar kostnaður við útgáfu	(8.491.199)	(8.963.454)
	<u>4.862.392</u>	<u>4.983.072</u>
Opinn skógur:		
Styrkir	6.000.000	4.000.000
Launakostnaður	(1.600.000)	(2.000.000)
Úthlutað til félaga	(2.000.000)	(100.000)
Annar rekstrarkostnaður	(1.937.891)	(2.380.054)
	<u>462.109</u>	<u>(480.054)</u>
Brynjudalur:		
Sala	3.969.831	3.440.482
Aðrar tekjur	330.720	303.444
Styrkir	4.398.772	2.431.500
Launakostnaður	(3.000.000)	(3.088.213)
Annar rekstrarkostnaður	(2.402.797)	(4.006.869)
	<u>3.296.526</u>	<u>(919.656)</u>
Vinaskógur:		
Annar rekstrarkostnaður	(258.381)	(458.161)
	<u>(258.381)</u>	<u>(458.161)</u>
Jólatrésala:		
Sala	625.371	3.336.362
Aðrar tekjur	0	65.000
Launakostnaður	(140.000)	(1.737.000)
Annar rekstrarkostnaður	(218.754)	(1.792.460)
	<u>266.617</u>	<u>(128.098)</u>
Úlfljótsvatn		
Tekjur	200.000	0
Húsnæðiskostnaður	(249.527)	0
Annar rekstrarkostnaður	(44.250)	0
	<u>(93.777)</u>	<u>0</u>
Toyotaskógur:		
Styrkir	0	1.500.000
	<u>0</u>	<u>1.500.000</u>

Skýringar frh:

7 framh.

Atvinnuátak:

Styrkir til atvinnuátaks	0	102.000.000
Aðföng vegna atvinnuátaks	(30.638.542)	(35.381.235)
Keyptar vörur og þjónusta	(4.091.305)	(5.964.770)
Græni stígurinn	0	(4.500.000)
Skipulagsvinna og umsjón	(2.000.000)	(4.500.000)
Launakostnaður Skógræktarfélag Íslands	(9.437.908)	(5.700.000)
Annar kostnaður	(15.244)	(3.776.410)
Fært á ónýttan styrk vegna atvinnuátaks	46.182.999	(42.177.585)
	<u>0</u>	<u>0</u>
Sérgreind verkefni samtals	8.535.486	4.497.103

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2012	2011
Laun	33.058.794	31.467.289
Ökutækjastyrkur	2.058.674	1.954.046
Lífeyrissjóðsframlag	3.937.533	3.676.922
Tryggingagjald	3.042.388	3.209.002
Áunnið orlof starfsmanna, breyting	0	900.000
Önnur launatengd gjöld	951.952	664.260
Laun færð á sérgreind verkefni	(20.137.908)	(21.862.000)
	<u>22.911.433</u>	<u>20.009.519</u>

9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2012	2011
Húsnæðiskostnaður	1.263.137	2.106.600
Skrifstofukostnaður	223.570	145.276
Sími og burðargjöld	670.208	699.692
Tryggingar	42.073	85.944
Auglýsingar	101.823	390.153
Bankakostnaður vegna innheimtu o.fl.	62.273	68.669
Gjafir, styrkir og risna	149.075	141.180
Kaffistofa og starfsmannatengdur kostnaður	79.306	15.534
Fundakostnaður	2.882.235	2.992.474
Ferðakostnaður	549.115	479.489
Námskeið og fyrirlestrar	187.050	466.442
Gjaldfærð áhald og tæki, viðhald áhalda	365.627	323.438
Rekstur bifreiða	2.095.417	1.318.111
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	1.412.503	1.088.807
Tölvukostnaður	1.228.431	1.620.249
Afskrifaðar kröfur	181.927	356.406
Kostnaður vegna Esjuhlíða	12.764	0
Alcoa verkefni	1.002.450	358.097
Kostnaður við skipulagsvinnu	380.351	0
Annar kostnaður	462.883	370.702
Hluti innskatts vegna blandaðrar starfsemi	(280.890)	160.663
	<u>13.071.328</u>	<u>13.187.926</u>

Skýringar frh:

10. Varanlegir rekstarfjármunir:

Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreið og kerra	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1. 2012	176.907.196	2.803.447	10.955.827	190.666.470
Afskrifað áður	(3.023.878)	(2.523.102)	(8.472.742)	(14.019.722)
Bókfært verð 31.12.2012.	173.883.318	280.345	2.483.085	176.646.748
Viðbót á árinu	7.055.316	0	0	7.055.316
Afskrifað á árinu	(751.340)	0	(1.062.947)	(1.814.287)
Bókfært verð 31.12.2012.	180.187.294	280.345	1.420.138	181.887.777
Heildarverð 31.12.2012.	183.962.512	2.803.447	10.955.827	197.721.786
Afskrifað samtals 31.12.2012.	(3.775.218)	(2.523.102)	(9.535.689)	(15.834.009)
Bókfært verð 31.12.2012.	180.187.294	280.345	1.420.138	181.887.777
Afskriftarhlutföll	2%	15%	10-20%	
Áætlaður nýtingartími	50 ár	7 ár	5-10 ár	
Fasteignir sundurliðun:		Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabótamat
Skúlatún 6, Reykjavík		11.074.252	12.910.000	20.675.000
Saurar, jörð og ræktað land		271.600	354.500	0
Saurar, vélageymsla og votheysturn		277.200	592.000	4.700.000
Saurar, Miðfjarðará - veiðihlunnindi		2.757.000	4.050.000	0
Saurar, einbýli		1.239.700	4.240.000	15.950.000
Brynjudalur		8.885.162	0	0
Sandey - Þingvallasveit		14.578	0	0
Kvíar í Jökulfjörðum		57.474	0	0
Úlfljótsvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi		155.610.328	0	0
		180.187.294	22.146.500	41.325.000

Skógræktarfélag Íslands hefur gert samning við Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu um umsjón, ræktun og rekstur á jörð sinni að Saurum í Miðfirði. Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu fer með atkvæði Saura í Veiðifélagi Miðfjarðará og fer með ráðstöfun á arði af Miðfjarðará svo og öðrum tekjum sem til jarðarinnar kunna að renna. Á móti kemur að Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu stendur skil á sköttum og skyldum af jörðinni og fasteignum á henni.

Skógræktarfélag Íslands hefur gert leigusamning við Landbúnaðarráðuneytið um að félagið leigi hluta úr jörðinni Kárástöðum í Þingvallahreppi til ársins 2065, án endurgjalds, nánar tiltekið svæði undir Vinaskóg. Að samningstíma liðnum hefur Skógræktarfélag Íslands forleigurétt að landssvæðinu.

11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1. 2012	120.053.953
Tap ársins	(4.827.858)
Eigið fé 31.12.2012.	115.226.095

Skýringar frh:

12. Ónýttur styrkur vegna Landgræðsluskóga

Ónýttur styrkur 1.1.2012	993.693
Styrkur frá ríkissjóði	28.500.000
Umsjón Skógræktarfélags Íslands vegna Landgræðsluskóga	(2.500.000)
Launakostnaður Skógræktarfélags Íslands	(3.500.000)
Plöntukaup	(19.400.320)
Plöntuflutningar	0
Annar kostnaður	(1.105.227)
Ónýttur styrkur 31.12.2012	<u>2.988.146</u>

13. Ónýttur styrkur vegna atvinnuátaks

Ónýttur styrkur 1.1.2012	59.655.999
Útlagður kostnaður vegna átaksverkefnis	(34.745.091)
Greidd laun til Skógræktarfélags Íslands vegna átaksverkefnis	(9.437.908)
Greidd umsjón til Skógræktarfélags Íslands vegna átaksverkefnis	(2.000.000)
Ónýttur styrkur 31.12.2012	<u>13.473.000</u>

14. Bundnir sjóðir

Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar:

Yfirlit um sjóð Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar:	2012	2011
Staða 1.1.2012	34.146.861	114.071.829
Úttekt vegna kaupa við Úlfjótuvatn	0	(87.500.000)
Úttekt vegna fyrra árs	(4.165.820)	(4.181.981)
Hækkun verðbréfasafns	727.450	11.757.013
Staða 31.12.2012	<u>30.708.491</u>	<u>34.146.861</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2012 hefur verið reiknuð og er hún neikvæð. Til ráðstöfunar vegna ársins 2012 er því ekkert. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2012.

Í desember árið 2011 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í fasteignum og landi við Úlfjótuvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi fyrir 150 millj. kr. Vegna fjárfestingarinnar voru teknar 87,5 millj. kr. út úr sjóðnum til að fjármagna kaupin. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 91,5 millj. kr. í árslok 2012.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>30.708.491</u>	<u>34.146.861</u>
---------------------	-------------------	-------------------

15. Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar:

Yfirlit um sjóð Aðalsteins Kristjánssonar:	2012	2011
Staða 1.1.2012	15.501.700	14.533.225
Úttekt vegna fyrra árs	(510.312)	(501.865)
Hækkun verðbréfasafns	324.031	1.469.245
Vextir og verðbætur ársins	0	1.368
Fjármagnstekjuskattur	0	(273)
Staða 31.12.2012	<u>15.315.419</u>	<u>15.501.700</u>

Skýringar frh:

15 framh.

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2012 hefur verið reiknuð og er hún neikvæð. Til ráðstöfunar vegna ársins 2012 er því ekkert. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2012.

Eignir sjóðsins greinast þannig:	2012	2011
Verðbréfasafn	15.023.405	15.209.686
Inneign hjá Skógræktarfélagi Íslands	200.000	200.000
Innstæða á sparisjóðsbók	92.014	92.014
	<u>15.315.419</u>	<u>15.501.700</u>

16. Sjóður Ármanns G. Jónssonar:

Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar:	2012	2011
Staða 1.1.2012	11.539.315	11.017.080
Úttekt vegna fyrra árs	(92.857)	(182.827)
Hækkun verðbréfasafns	246.014	0
Vextir og verðbætur ársins	10.805	881.327
Fjármagnstekjuskattur	(1.801)	(176.265)
Staða 31.12.2012	<u>11.701.476</u>	<u>11.539.315</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2012 hefur verið reiknuð og er hún neikvæð. Til ráðstöfunar vegna ársins 2012 er því ekkert. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2012.

Í febrúar árið 2005 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í húseign að Skúlatúni 6 í Rvk., fyrir 11,5 millj. kr. og voru kaupin fjármögnuð að mestu með úttekt úr sjóðnum. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 19,4 millj. kr. í árslok 2012.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	11.701.476	0
Innstæða á sparisjóðsbók	0	11.539.315
	<u>11.701.476</u>	<u>11.539.315</u>

17. Sjóður Andrésar Gunnarssonar:

Yfirlit um sjóð Andrésar Gunnarssonar:	2012	2011
Staða 1.1.2012	17.816.457	16.712.869
Úttekt vegna fyrra árs	(582.159)	(611.064)
Hækkun verðbréfasafns	379.579	1.701.633
Vextir og verðbætur ársins	746	16.273
Fjármagnstekjuskattur	(84)	(3.254)
Staða 31.12.2012	<u>17.614.539</u>	<u>17.816.457</u>

Skýringar frh:

17 framh.

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2012 hefur verið reiknuð og er hún neikvæð. Til ráðstöfunar vegna ársins 2012 er því ekkert. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2012.

Eignir sjóðsins greinast þannig:	2012	2011
Verðbréfasafn	17.614.539	17.600.379
Innstæða á sparisjóðsbók	0	216.078
	<u>17.614.539</u>	<u>17.816.457</u>

18. Fræðslusjóður:

Yfirlit um Fræðslusjóð:	2012	2011
Staða 1.1.2012	3.739.841	3.379.028
Hækkun verðbréfasafns	79.668	360.813
Staða 31.12.2012	<u>3.819.509</u>	<u>3.739.841</u>

Fræðslusjóður var stofnaður 25. ágúst 2000 með loforði um fjárframlög frá Skógræktarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins er heimilt að verja 70% af raunávöxtun sjóðsins til að styrkja unga námsmenn til framhaldsmenntunar í skógræðum auk þess að veita einstaklingum styrki til skógræktarrannsókna.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>3.819.509</u>	<u>3.739.841</u>
---------------------	------------------	------------------

19. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru tilkomnar vegna kaupa félagsins á Úlfjótuvatni í Grímsnes- og Grafningshreppi af Orkuveitu Reykjavíkur. Gefið var út skuldabréf til 25 ára sem ber 5% vexti og er óverðtryggt. Skuldabréfið ber vexti frá 1. janúar 2012 og gjalddagi fyrstu afborganar er 1. janúar 2013.

Yfirlit um langtímaskuldir:	2012	2011
Óverðtryggt lán frá Landgræðslusjóði, fastir vextir 5,0%	87.500.000	87.500.000
Næsta árs afborganir	0	0
Langtímaskuldir samtals	<u>87.500.000</u>	<u>87.500.000</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2013	3.500.000	3.500.000
Árið 2014	3.500.000	3.500.000
Árið 2015	3.500.000	3.500.000
Síðar	<u>77.000.000</u>	<u>77.000.000</u>
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>87.500.000</u>	<u>87.500.000</u>

20. Lykiltölur:

	2012	2011
Veltufjórhlutfall - Veltufjórmunir / skammtímaskuldir	1,1	1,1
Eiginfjórhlutfall - Heildareignir / eigið fé	0,5	0,4



Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Netfang: skog@skog.is
Veffang: www.skog.is